

Sp. 1045. Tillaga til þingsályktunar [521. mál]

um framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum á Höfn í Hornafirði.

Flm.: Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir athugun á því að hefja kennslu í sjávarútvegsfræðum á framhaldsstigi á Höfn í Hornafirði sem þróast gæti í framtíðinni yfir á háskólastig. Athugunin skal unnin í samráði við Háskóla Íslands, skóla tengda sjávarútvegi og samstarfsnefnd um framhaldsnám á Austurlandi.

Greinargerð.

Nám tengt grunnatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, er ekki ýkja fjölbreytt og fer ekki mikið fyrir því í menntakerfinu. Þó er hér um að ræða þá grein er skapar drýgstan hluta gjaldeyris okkar og býður ótalda möguleika í frekari vinnslu og enn meiri verðmætum. Viðurkennt er að hér þurfi að ráða bót á og verkefnið eru mörg. Fiskvinnslufólk og sjómenn njóta lítt menntakerfis okkar og ærið takmarkaðir eru enn möguleikar hér á landi til náms tengdu sjávarútvegi. Fiskvinnsluskólinn er vissulega gleðileg undantekning, en ekki er til fyrirmyndar hvernig að honum er búið. Tækniskólinn er með brautir tengdar sjávarútvegi, en Háskóli Íslands býður ekki upp á það nám sem þyrfti og ætti að vera í þessu þjóðfélagi sem svo mjög byggir á sjávarútvegi og fiskvinnslu og verðmætum þessara greina. Þar hefur annað haft forgang.

Menntun yfirmanna á flotanum er tryggð og eru þar þó ýmsar blikur á lofti þar sem áhugi samfélagsins hefur ekki beinst að þeim þarfa þætti.

Á Höfn í Hornafirði er mikill áhugi fyrir einhvers konar framhaldsnámi í sjávarútvegsfræðum, enda fjölbreytni í sjávarfeng ærin og aðstaða í fiskiðju mjög góð á okkar mælikvarða. Könnun á möguleikum slíks náms á Höfn er sjálfsögð og samráðsaðilar eru þeir sem ættu að kunna glögg skil á því hvað unnt væri að gera.

Til að hreyfa þessu þarfa máli er tillaga þessi flutt.